

# Hlíð í Gnúpverjahreppi.

## Skrá yfir örnefni í Hlíð í Gnúpverjahreppi

Bærinn í Hlíð í Gnúpverjahreppi stendur suðvestanundir Hlíðarfjalli, eða öllu heldur lágum hálsnum niður af fjallinu, nálægt einum kílómetra frá Laxá, er þar rennur fyrir vestan og neðan. Hlíðarland takmarkast af Laxá að vestan, Laxárdalslandi að norðan, frá Iðusteini um Markagil, miðjan Grensás, Gvend og Elínu (vörður) í Nónstein á norðausturbrún Hlíðarfjalls, þaðan af Steinsholts og Bala landi, beina línu úr Nónsteini í markavörðu í Hvíldarbug og þaðan í Smalaskála, síðan af Hæls landi úr Smalaskála um Heiðarskarð og neðan við Heiðardalsvörðuna, í moldarskurð niður Skjónugilstanga beina línu í Borgarhól í Þvergilshotna, Þvergil niður í Fossagil sem síðan ræður mörkum vestur í Laxá.

Örnefni í túninu:

Láगतún fram af bænum og niður að Stórhól að austan.

Hólarnir, Stórhóll austast, þá Miðhóll með fornum mannvirkjum (dómhring) og Vestari hóll.

Sauðakinn, austan við bæinn og upp að túngarði frá tröðunum að neðan sem liggja austur túnið frá bænum, upp að túngarði.

Sauðakinnargil, takmarkaði túnið að austanverðu að fornu og kemur ofan úr Hálsi (hét samkv. fornum heimildum Kapellugil. Þ.Bj. o.fl.)

Bæjarlækurinn, kemur ofan úr fjalli og rennur gegnum túnið, fyrst beint ofanað, en beygir síðan í vinkil, þar sem bærinn stendur á bakka hans (háum) og rennur þaðan beint til vesturs.

Stöðulgatan liggur frá bænum austanverðum upp á

Stöðul, gegnum

Stöðulhlíð.

Smalarófa er hólbrún nokkur vestan við Stöðulhlíðið.

Upptúnið er brekkurnar fyrir ofan og vestan lækinn, þar eru þessi kennileiti:

Lambhúsið en fram af því

Harðhaus, en niður og vestur af

Lanmbhúsbrekkann, ofar

Merakofinn og

Hrútakofinn saman en austur af þeim er

Illugalág, svo sem eins og kálgarðsstærð. Fékk nafn af því að í ungdæmi Lýðs

í Hlíð fékk karl að nafni Illugi að slá hana handa sjálfum sér og tók það

heilan dag hjá honum.

Hálfvallargil er uppgróið jarðfall vestar, en síðan er

Hálfvöllur, stórþýfð túbrekka en efst á honum er  
Ennið, sléttur bali. Fyrir neðan Hálfvöllinn er  
Sólheimaflöt og vestur af henni  
Sólheimahlið á gamla túngarðinum.  
Nethóll er vestast í túninu og vestur af því, en austan við hann er  
Veitan, sem nú er uppurrkuð og orðin tún.  
Malarhlið er á túngarðinum sunnan í Nethól.  
Hlaðvarpinn er fram af bænum sunnan við götuna.  
Hestaréttin er austast í bæjarröndinni, þá  
Smiðjan, og stendur þetta tvennt nú enn óbreytt frá fyrri tíð.  
Húsagarðurinn er norðan við bæinn, en vestur af íbúðarhúsinu kemur  
Hlaðan,  
Fjósið og Haughúsið, en þar norður af og niður við lækinn er  
Brunnhúsið, nú í rústum.  
Rafstöðvarhúsið er nokkru ofar við bæjarlækinn.  
Heygarðurinn er vestur af fjósinu og sund á milli, en  
Hesthúsin vestan í heygarðinum, og  
Fjósatungan vestur frá Hesthúsunum, milli bæjarlækjarins og götunnar vestur  
úr túninu.

Örnefni utan túns, fyrst vestur með og engjarnar inn með Laxá.

Fossagil fyrir neðan tún.

Myllan fyrir neðan Stórhól, við Fossagilið.

Kúadalir niður og vestur af túninu.

Litli nátthagi, framan í Nethól, vestan verðu við bæjarlækinn.

Litla Nes, þar fyrir neðan, nú tún.

Jarðfallið, við túngarðinn vestan við Hálfvöllinn.

Brekkurnar þar vestur af.

Efra Nes efst vestan við bæjarlækinn þar sem hann beygir niður með Nethól

að vestan og

Sauðhóll fyrir vestan það, en þar niður af er

Stóranesið, en vestur af Sauðhól er fyrst

Stekkatúnið og

Stóri nátthaginn en síðan kemur

Brúin, og er þá komið niður að

Frameyrum sem liggja láglendar við Laxá, en fyrir framan þær

Skipdalurinn og móts við hann er

Hlíðardráttur neðar í Laxá og litlu ofar

Stapinn, sem eru veiðisælir hyljir í ánni.

Foræðismýrin er framan við Frameyrar en í brúninni fyrir ofan, vestan við Stóranes eru Kompurnar.

Nefið er raninn milli Skipdals og Fossagilsins, við ána.

Laxárpyttur er gamall árhyllur undir kletti v. Skipdal

Flóðin eru dælar í Skipdal sem hlaðið hefur verið í einhverntíma vegna áveitu

Tjarnirnar eru fremst í Foræðismýrinni.

Áveitan er efst í sömu mýri, er þar flóðgarður.

Kjóahóll, smáhóll vestan við Eyrarnar.

Langholt er upp og inn af túninu, og vestan í því Hábrekkurnar, en framan við þær eru Vondagil og Svartagil, en efst í því er Ókindarlág. Neðan við Hábrekkurnar eru Múlarnir, næst fyrir ofan Eyrarnar, en af þeim tekur við Laufvöllur, en hornið þar sem nær lengst í vestur heitir Múlahorn, en vestan undir því eru Fremralæmið og Innralæmið, dálitlar dýjalænur, en fyrir innan læmin eru Inneyrarnar. Upp og inn af Laufvelli eru Laufvallargilin og heitir eitt þeirra Stóra Laufvallargilið, en á milli þeirra er Dalurinn fyrir neðan húsin.

Tæpistigur er gata í háum og bröttum mel inn af Laufvallargiljum.

Heljarþremsbrekka og Heljarþremsskriða eru inn af Innrieyrunum en Heljarþremsvað á ánni þar fyrir utan en Eyrarvaðið á ánni er móts við Múlahornið og Stapabrotið fyrir neðan Stapann á móts við Skipdal.

Heljarþremsfliot er engjablettur á höfða innan við Eyrarnar og Heljarþremsmelur þar upp af, þá taka við Bjarnarhagagilin og milli þeirra er Heljarþremsnef við ána og Standkerlingin, stakstæður klettur út ú skriðunum þar hjá, en Heljarþremshyllur í ánni þar fyrir neðan, síðan tekur við Stóra Bjarnarhagagilið og í því eru Hvammarnir, bollar sem spretta oft vel, en Innra Bjarnarhagagilið síðan, en alls eru Bjarnarhagagilin fjögur. Bjarnarhaginn er undirlendi frá giljunum inn að

Markalæk, en upp af Bjarnarhaganum er  
Bjarnarhagamelur, vestur af Bjarnarhaganum er  
Bjarnarhagabrotið í ánni,  
Iðan, hylur í ánni og við hann  
Iðusteinninn.

Rauðhóll er upp af Bjarnarhaganum innst og við hann  
Rauðhólsflöt, en framar er  
Skelhóll, er þá komið upp í  
Miðfjallið, en það er hálendishallinn vestan undir háfjallinu og fram að  
Sauðahúsum.

Grensás er vestan í háfjallinu inn við mörk, en  
Gvendur og Elín, vörður í mörkum á fjallbrúninni, bera þær nafn Gvendar  
smala í Laxárdal og konu hans.

Brattatorfa er fyrir framan Grensás, en  
Eggjarnar eru brúnin á fjallinu og  
Tvísteinar eru klettur í Eggjunum.  
Nafnavarða þar niður af og innar.  
Hellishóll framan við Skelhól og í honum  
Hellirinn, nokkru framar er  
Flathóll og síðan taka við  
Innra sauðahúsið og

Fremra sauðahúsið, en upp af þeim er  
Húshóll og slakki ofan við hann heitir  
Milli Húshóls og fjallsins.. Langholtið nær inn að Sauðahúsim en  
Dýjakrókarnir eru austan við það, niður undir tún.  
Háahúsið, fjárhús ofan við túngarðinn.

Vestri bæjarlækurinn og  
Eystri bæjarlækurinn koma ofan úr Hálsi og renna um Dýjakrókana.

Stöðulbalinn er upp af Stöðlinum en  
Hálsinn þar upp af og upp undir fjallsbrún.  
Holbakkagil er í brekkunum austur af bænum en  
Grafirnar þar niður af og austur undir  
Þvergil, sem er í mörkum en efst í því eru  
Þvergilsbotnarnir og upp af þeim  
Brennimýrin, en  
Rothúsin þar vestur af og  
Rothúsanátthaginn við þau og nú síðar  
Rothúsatúnið.

Rothúsagilið við Rothúsin.  
Borgarhóll upp af Brennimýri en  
Heiðardalur slakkinn allur milli Hlíðarfjalls og Hælsbrúna.  
Skjónugil og  
Skjónugilstangi en ofan við hann er  
Heiðardalsvarðan en vestan við og ofan við Skjónugil er  
Sauðhústóftin.  
Selflatirnar er sléttur pallur framan í fjallinu en  
Heiðarskarð austan við þær og  
Smalaskáli austur á fjalli, ofan við og vestur af Selflötum  
Fjallsbrúnin og á vesturhorni hennar er  
Gvendarvarða og neðan við hana  
Gvendarlág. Tekur svo við  
Háfjallið og austan til í því er  
Kista sem einnig er almennt nefnd  
Hlíðarkista. Austan við hana heitir fjallið  
Fláarnar.  
Hvíld er innan og austan við fjallið og að nokkru í Steinsholtslandi, en fyrir ofan  
hana er  
Selgil í Hvíld og  
Hvíldarbugur, en innan við Hvíld er  
Grenshlíð og að lokum innst á fjallsbrúninni er  
Nónsteinn, hornmark milli Hlíðar, Laxárdals, Skáldabúða og Steinsholtslanda.

Hripað upp.... að Selfossi 18. júlí 1939 að fyrirlagi Þorsteins fræðimanns og  
rithöfundar Bjarnasonar frá Háholti. (Einar Pálsson)